

Aðalfundur Félags hrossabænda

haldinn á Hótel Sögu 16. nóvember 2012

Kristinn Guðnason, formaður FHB, setti fundinn og skipaði þá Björn Magnússon og Jósef Valgarð Þorvaldsson fundarstjóra. Í kjörbréfanefnd voru skipaðir þeir Helgi Eggertsson og Zophonías Jónmundsson. Hallveig Fróðadóttir skipaður fundarritari.

Ávörp gesta

Haraldur Benediktsson, formaður BÍ, kynnti ferli og stöðu breytinga sem verður á leiðbeiningaþjónustunni um áramótin. Nýr búnaðarlagasamningur hefur verið undirritaður, gildir til fimm ára og meira fjármagn kemur inn núna en áður var (558 milljónir). Stefnt á meiri jarðrækt og Framleiðnisjóður verður endurreistur. Horft verður á möguleika sem felast í bújörðinni. Fjármunir til leiðbeiningaþjónustu verða tryggðir áfram til 2017. Búnaðargjald rennur í nýja leiðbeiningaþjónustu en breytingar gætu orðið á búnaðargjaldinu á næstu árum. Fflestum núverandi starfsmönnum verður boðin staða hjá fyrirtækinu, engum starfsstöðum verður lokað. Þrír fagstjórar koma í stað héraðs- og landsráðunauta. Verkefnastjórar verða fyrir hverja búgrein. Fagráð starfa áfram og verkefnastjórar sitja í þeim. 1/3 gjalda kemur af seldri þjónustu og sækja þarf fram í þeim gjaldalið. Stefnt er á að ráðgjöfin verði sérhæfðari og óháð (t.d. aðfangasölu aðilum). Auka þarf ráðgjöf innanlands sem utan.

Haraldur Þórarinnsson formaður LH: Þakkaði gott samstarf við Fhb og taldi samvinnuna vera mjög mikilvæga m.a. með tilliti til aðstæðna á landinu. Fór yfir framkvæmd Landsmótsins. Gestir mótsins voru færri en þeir áttu von á (8.600 miðar seldir). Heilbrigðisástand hrossa í kringum mótahald er mikilvægt og þarf að taka á þeim málum og við, sem forystuland, þurfum að taka á þessum málum. Kortasjái hjálpar m.a. til við að viðhalda opnum reiðleiðum s.s. á hálendinu og í þjóðgarðinum á Þingvöllum. Velti upp spurningu um ræktun íslenska hestsins, þurfum við að setjast niður og skoða ræktunarmarkmiðin? Stefnt í dag er að rækta hross til hámarksafkasta og spurning hvort það er rétt. Bar fundarmönnum kveðju frá stjórn LH.

Bjarni Maronsson, Landgræðslu ríkisins. Flutti kveðjur frá Sveini Runólfssyni og starfsmönnum Landgræðslunnar. Landnýting í gæðastýringunni er helsti samstarfsvettvangur Fhb og Landgræðslunnar. Tuttugu og eitt bú voru þáttakendur fyrsta árið en eru 45 í ár. Stefnt er á að þróa þessa samvinnu áfram. Hrossabændur eru sennilega þeir bændur sem eru bæði bestir og verstir hvað landnýtingu varðar. Fjölmargar góðar fyrirmyndir eru þó innan hrossabænda sem m.a. hafa hlotið verðlaun fyrir. Þakkaði FHB samstarfið.

Ársskýrsla, Kristinn Guðnason: Kristinn flutti skýrslu stjórnar sem áður hafði verið send fundarfulltrúum og einnig birtist í Hrossaræktinni 2012 (sjá skýrslu).

Ársreikningur Fhb 2011 – Vignir Sigurðsson: Vignir gjaldkeri FHB kynnti reikninga félagsins fyrir árið 2011 (sjá reikninga).

Kjörbréfanefnd, Helgi Eggertsson: Fór yfir þá aðila sem eru á kjörbréfalista, engin kjörbréf hafa borist frá hrossabændum Vesturlandi og Hornafjarðardeild.

Suðurland: Sveinn Steinarsson, Eysteinn Leifsson, Sigríkur Jónsson, Ólafur Þórisson, Katrín Sigurðardóttir, María Þórarinsdóttir, Birgir Leó Ólafsson, Helgi Eggertsson, Gunnar Arnarson, Bjarni Þorkelsson, Viðar Steinarsson.

Austurland: Jósef Valgarð, Jónas Hallgrímsson (Guðröður Ágústsson mætti ekki).

Eyjafjörður og Þingeyjasýslur: Ríkharður G. Hafdal, Zophanías Jónmundsson, Þorvar Þorsteinsson, Bjarni Páll Vilhjálmsson, Vignir Sigurðsson.

Skagafjörður: Bjarni Maronsson, Ingimar Ingimarsson, Magnús Bragi Magnússon, Steinunn Halldórsdóttir, Víkingur Gunnarsson.

A-Húnavatnssýsla: Magnús Jósefsson, Björn Magnússon, Tryggvi Björnsson.

V-Húnavatnssýsla: Elvar Logi Friðriksson, Indriði Karlsson, Ingvar Jón Jóhannsson.

Dalasýsla: Sigurður Jökulsson, Svanborg Einarsdóttir.

Umræður um skýrslu stjórnar:

Jónas Hallgrímsson tók til máls. Fagnar því að fá ársritið Hrossaræktina.

Sveinn Steinarsson: Ræddi bókakaupin, afstaða Hrossaræktarsamtaka Suðurlands er sú að þar sem þeir sitja enn uppi með um 100 eintök frá því fyrra finnst þeim að peningana mætti nýta í annað. Verkefnið sem slíkt finnst Sveini afleitt og finnst að nota ætti peninginn í markaðsstarfið. Vill frekar að félagsmenn kaupi bókina sjálfir. Deilt var á ákvörðun stjórnar hrossaræktarsambandsins. Sveinn væntir þess að þetta verið tekið upp á fundinum og afstaða félagsmanna fengin.

Vignir Sigurðsson: Bókin var keypt á 1200 kr. í fyrra og 1600 núna – fullt verð út úr búð er 3600. Væntir þess að málið verði tekið upp á fundinum og farið málefnalega yfir það.

Jósef Valgarð: Á aðalfundum hafa fundarmenn lagt sig fram um að koma frá sér tillögum sem ekki er svo haldið áfram með, biður formann um að fara yfir þetta. Kvartaði yfir því að formannafundur var ekki í því formi sem formannafundir hafa verið hingað til og aðeins eitt málefni á þeim fundi; Landsmótið. Þrír stjórnarfundir skráðir 2012 á heimasíðunni og þar er m.a. talað um óvirka Vesturlandsdeild en þegar svipað ástand kom upp á Austurlandi en ekki var brugðist við með sama hætti í því máli. Hornafjarðardeild hefur t.d. ekki greitt árgjald í 2-3 ár. Fagráð: Samþykkt var fyrir nokkrum árum að kosið yrði í fagráð á aðalfundi, en ekki hefur verið farið eftir því. Fyrir tveimur árum var talað um að senda út tillögur fyrir fundinn. DNA sýni og greining, rætt var í fyrra um kostnað við þau. Samþykkt var að gera stefnumörkun fyrir greinina en ekkert hefur frést af þeim málum. Tvær tillögur frá í fyrra sem hann vill fá skýringar á: Áverkar verið til þess að hross fái ekki dóm og verðlaun – tillagan var felld, en það var ekki líklega ekki nefnt á fagráðsfundi. Landmót, skipting á LM milli landshluta – hverju átti tilraunin um þetta að skila?

Hulda Geirsdóttir svaraði Jósef varðandi reikninga og skýrslu sem send voru út 6.nóvember, s.s. 10 dögum fyrir aðalfund. Hún sagði eðlilegra og betra að senda gögnin beint til fundarfulltrúa, heldur en að birta ósamþykkt gögn á heimasíðu félagsins, auk þess sem erfitt væri að setja excel skjöl inn á heimasíður. Hún taldi fullvíst að gögnin skiluðu sér jafnvel, ef ekki betur, í gegnum tölvupóst. Hvað tillögur frá aðalfundi varðar þá eru þær alltaf teknar fyrir á næsta stjórnarfundum eftir aðalfund.

Kristinn Guðnason: Landsmótin; Jósef hefur snúið út úr því sem Kristinn sagði í viðtali varðandi því að hafa tvö landsmót á Suðurlandi á móti einu á Norðurlandi. Varðandi ágríp þá þurfum við að skoða alla möguleika til að útiloka þau og því þarf að skoða allt, s.s. 8mm skeifur allan hringinn og leyfa á móti 150 gr. hlífar í stað 6 + 8mm skeifur og 120 gr. Einnig að minnka leyfilegan mun á stærð fram- og afturhófa úr 2sm í 1sm. Hann harmaði að hafa ekki komist á fundinn á Austurlandi. Fagráðið: Óskrifuð regla að formaður Fhb situr í fagráði, en það má að sjálfsgöðu endurskoða. Áverkatillagan: Spyr hvort tillagan hafi ekki verið of hörð og því felld, og fagráð því tekið málið upp á örlítið annan hátt. Stefnumörkun Fhb: Finnst félagið vinna stöðugt í sínum málum og vinnur eftir lögum félagsins, vinnur að markaðssetningu og að þróa félagið áfram. Mikið hefur verið rætt um stefnumörkun og sameiningu allra aðila hestamenskunnar og það þyrfti að ræða líka. Samstarf aðildarféлага er alltaf að batna og þeir peningar sem koma frá ríkinu til hestamenskunnar fara í sjóð sem formenn allra félaganna sitja í.

Eysteinn Leifsson: Markaðsmálin, spurði um Hestatorgið, hafa félagsmenn aðgang að því torgi og hvort ekki sé horft á sýningar í Evrópu, t.d. Svíþjóð, þar sem okkar helsti markaður er? Hver er framtíðarsýn félagsins í þessum málum?.

Hulda svaraði Eysteini, allir félagsmenn geti nýtt sér Hestatorgið og hefur þeim upplýsingum verið komið til formanna félagsins og vilja þau Kristinn fá hugmyndir frá félagsmönnum um framhald Hestatorgsins og þátttöku í sýningum. Biður um að þetta verði rætt á nefndarfundum síðar í dag. Varðandi afgreiðslu á tillögum frá í fyrra, sem svar til Jósefs Valgarðs, rakti Hulda afgreiðslu þeirra allra.

Sveinn Steinarsson: Stefnumörkun, þurfum að leggja vinnu, tíma og pening í þetta, það á líka við um t.d. önnur landssamtök hestamanna. Samstarfsvettvangur yrði sjálfkrafa til og myndi létta á hlutaðeigandi. Hvetur stjórn til að upplýsa um farveginn sem þetta er í eða hvernig hægt er að vinna að stefnumörkuninni.

Jónas Hallgrímsson: Hefur verið rætt um HM í Berlín? Vill að leitað verið eftir tilboðum í flugfar og uppihald til að sem flestir hafi tök á að mæta á mótið. T.d. væri hægt að leita til erlendra flugfélaga, vonast til að þetta komist í umræðu í nefndum í dag.

Haraldur Þórarinnsson: Svaraði Jónasi, LH var með samning við Iceland Express sem færðist yfir á WOW varðandi landsliðið, og þeir eru í viðræðum við aðila í Berlín varðandi kynningu í maí og júní. LH hefur aðgang að bás á HM 2013. Boðið er upp á hagstæðar hópferðir á mótið.

Sigbjörn Björnsson: Framlög í framleiðnisjóð eru hægt og bítandi að aukast. Hestatorgið; í sumar fékk hann mann til að kíkja á hvað mætti betur fara í tilgangi bássins. Tveggja blaðsíðna tillaga barst sem gæti nýst fyrir Berlín 2013 og LM 2014 og mun hann sýna þeim sem vilja tillögurnar.

Kristinn Guðnason: Stefnumörkun hvað varðar áverkana er að hross séu ósár. Ræða þarf í nefndum hvert á að stefna. Bí eru samábyrg LH með landsmótið. Hestatorgið var hugsað sem sameiginlegur vettvangur til kynningarstarfs. Þurfum að halda vel á málum í Berlín og passa að halda okkar hlut sem mestum í markaðsstarfinu.

Næst voru reikningar bornir upp og samþykktir samhljóða.

Kristinn Hugason: Flutti kveðju atvinnu- og nýsköpunarráðherra, Steingríms J. Sigfússonar. Fór yfir breytingar á ráðuneytinu hvað varðar hesta. Fjórar skrifstofur starfandi innan ráðuneytisins og hrossaræktin tilheyrir skrifstofu afurða. Þetta nýja ráðuneyti á að geta sinnt málum af meira afli en áður var, erfiðara er þó að fara með mál beint til ráðherra heldur þurfa þau að fara í gegnum viðkomandi skrifstofu málaflöksins. Halldór Runólfsson yfirdýralæknir verður skrifstofustjóri afurðaskrifstofunnar. Telur málefni hrossaræktarinnar vera í góðum málum innan ráðuneytisins. Biður um að hiklaust verið leitað til ráðuneytisins með hin ýmsu mál sem ráðuneytið gæti beitt sér fyrir úrvinnslu á.

Björn bað Kristinn Hugason fyrir kveðju til ráðherrans

Matarhlé (12:20 – 13:20)

Erindi Ágústs Sigurðssonar – staða upprunalsins í alþjóðlegri hrossarækt

Umræður: *Gunnar Arnarson* spurði um samanburðarhæfni dóma héraðs og erlendis. Spurði líka hvort umhverfisþátturinn skipti máli?

Ágúst: Reiknað er með að dómar séu sambærilegir. Hægt væri að setja inn ákveðna næmnigreiningu í þessar forsendur. Ekki eru heldur byggðir inn einhverjir ákveðnir umhverfisþættir.

Bjarni Þorkelsson spyr; er hægt að úrskurða um hvort dómar séu sambærilegir milli landa?

Ágúst segir að reiknað sé með ákveðnum mismun á milli landa og blup reiknað með tilliti til þess, en hægt væri að taka hverja sýningu fyrir sig til að fá muninn á hreint og reikna með honum.

Víkingur Gunnarsson spyr: Eru líkur á að okkar kynslóð lifi það að erlendi stofninn verði betri en sá sem er hér á landi? Hvað ef við færum að spýta í lófana hér heima og myndum t.d. snarauka úrvalsstyrkleika hryssanna, jafnvel um helming, hversu lengi myndum við þá þrúka í fararbroddi ræktunarinnar? Þyrftum einnig að skoða hvernig við ættum að fara að því í framtíðinni að flytja inn erfðaefni, þurfum að skoða það af fullri alvöru.

Ágúst er sammála því að við þurfum að styrkja úrval ræktunarhryssa, til mikils að vinna og við þurfum að standa okkur betur en verið hefur til að halda forystunni.

Kristinn Hugason þakkar erindið og segist hafa haft miklar áhyggjur af mikilli notkun ungfola hér á landi og telur það ekki til bóta að taka þá fram yfir sannanlega góða hesta. Þurfum að gera mun betur í markaðssetningunni bæði í sölu lífhrossa sem og í því sem þeim tengist, s.s. veðbanka o.s.frv.

Ágúst er sammála Kristni og bendir á að flestir hafa ekki sitt lífbrauð af lífhrossasölu eingöngu. Á þingi LH komu fram margir góðir punktar um markaðssetningu og hvað vantar uppá hjá okkur. T.d. þarf að skoða unglíngaheshús.

Erindi Sigríðar Björnsdóttur – áverkar á LM og ÍM 2012

Umræður:

Víkingur spurði um skipting áverka eftir málum. Skv. könnun á kynbótasýningum ríða ca. 55% með stangir og múl og ca. 45% með hringamél og múl, 3% notuðu einjárnung og múl. Sigríður segir tunguboga vera það sem helst valdi áverkum en skipti þá minna máli hvort það sé á stöngum og hringum. Spurning úr sal: Hve margir hestar á LM hefðu ekki átt að fá að halda áfram í keppni í töltinu? Sigríður svaraði að það hefðu verið 3 af 6 hestum í úrslitum. Spurning af hverju voru þeir ekki stoppaðir og af hverju var verið að skoða hrossin ef þau fá að halda áfram í keppni þrátt fyrir áverka? *Sigríður:* Hrossin voru skoðuð klukkutíma fyrir úrslit og þá var ekki forsvaranlegt að banna þáttöku

helmings þeirra hrossa sem áttu að vera í úrslitum og of mikið í húfi og þar að auki var ekki tími til að skoða þau hross sem voru í B-úrslitum til að sjá hvort þau væru „keppnishæf“ í staðinn.

Bjarni Þorkelsson tók næstur til máls og flutti eftirfarandi erindi:

Góðir félagar.

Það væri óneitanlega ekki nema sanngjarnt og verðugt að tala svolítið fallega um stöðuna í íslenski hrossarækt. Hér verður að vísu ekki gripið til neinnar skrudmælgj, en sé horft á heildarmyndina, þarf enginn að fara í graf götur með það að allt potast þetta í rétta átt hjá okkur. Engin léleg hross sjást orðið á sýningum og hópurinn sem kalla má úrvalsgóðan stækkar nokkuð ört. Eðli málsins samkvæmt er framförin þó hægst meðal topphrossanna, og mælist þar í hænufetum fremur en stórum stökkum – og hefur alltaf gert. Glöggst sáust dæmi þess þegar gamlir sigurvegarar komu fram í skrautsýningum síðustu landsmóta og stóðust vel samanburðinn – að minnsta kosti.

Á hrossaræktarráðstefnunni í fyrrahaust gerði ég að umtalsefni afkvæmasýningar stóðhesta og verðlaunaveitingu á LM 2011 á Vindheimamelum. Gott á ég með að viðurkenna og þakka, að myndarlegar var staðið að verki nú í sumar.

En þótt staðan sé góð að mörgu leyti, ber ýmsa skugga á og lúta að afkomu hrossabænda, framkvæmdaatriðum kynbótasýninga og keppnisgreina og tilhögun dómstarfa. Menn láta sum sé ekki af að gagnrýna og leggja til nýjar leiðir - nú eða gagnrýna það að farnar séu nýjar leiðir. Fjölmargar vel undirbúnar tillögur frá fulltrúum Hrossaræktarsamtaka Suðurlands hlutu nú gott brautargengi á Aðalfundi Félags Hrossabænda – og eru til marks um ofanritað.

Ég ætla ekki að gera þessar ágætu tillögur að umfjöllunarefni hér, en herði fremur róðurinn og sting uppá breyttu fyrirkomulagi – ekki síst í ljósi þess sem gengur nú fjöllum hærra um áverka á keppnishrossum og ófyrirleitin þvingunarúrræði sem beitt er til að uppfylla ósanngjarnar kröfur. Í skugganum af þessu stöndum við nú öll, og enginn má undan líta. Raunar má skoða þetta erindi mitt sem viðbragð við ákalli dýralæknis hrossasjúkdóma um að brugðist verði við með afgerandi hætti, svo sem með uppskurði og endurskoðun á kerfinu, keppnisgreinunum, keppnishörkunni, kröfuhörkunni gagnvart málleysingjunum.

Það vekur óneitanlega athygli – og verður að segja að kveði við nýjan tón – að Sigríður Björnsdóttir rekur þessi vandamál ekki eingöngu til knapanna, eins og alsíða hefur verið til þessa, heldur telur hún að endurskoða þurfi umgjörð keppni og sýninga og þær hugmyndir sem við höfum mótað okkur um getu og form íslenska hestsins. Þessi nálgun gefur færi á því að skoða málið í miklu víðara samhengi en gert hefur verið, og kemur í veg fyrir að kerfið - eins og það leggur sig - geti þvegið hendur sínar og hengt einstaka menn upp í gálgann, öðrum til viðvörunar.

Fyrir þetta er sérstök ástæða til að þakka Sigríði, og auðvitað ekki síður þau úrræði sem hún bendir á í nokkrum tölusettum liðum, og ég tel að flestöll sé vert að skoða – verð þó að viðurkenna að undir einum liðnum, þeim fimmta, kann að liggja eldfimt deilumál um tannbroddaröspun, sem heppilegra væri að láta liggja í láginni að sinni. Það er þó algert aukaatriði og dregur á engan hátt úr meginboðskapnum. Ég vil að fram komi að ég tel að það sé gæfa okkar hestamanna að Sigríður skyldi hafa valist til þessa starfs. Og nú er rétt að rifja upp gamalt mál, rammíslenskt: Það er vinur sem til vammis segir.

Áður en lengra er haldið ætla ég að mæla eindregið með því að ekki verði fallið frá þeirri nýbreytni sem upp var tekin á LM 2012 að efna til sérstakrar kynningarsýningar á kynbótahrossum, þeirra sem

ekki komust í verðlaunasæti. Þótt hún hafi ekki tekist að öllu leyti eins og til var ætlast svona í fyrstu tilraun, var þó margt gott um hana, og ég hef fulla trú á því að slík sýning eigi eftir að vinna sig í álit, einkum ef tekst að tryggja þar góða þátttöku.

Mín tillaga gengur út á það að þeir sem ná að tryggja hrossi sínu farseðil á Landsmót, geti valið um það fyrirfram hvort það fari í dóm aftur á sjálfu Landsmótinu. Aðeins þau hross sem í dóm færu, kæmu til álita í verðlaunasæti. Þau hross sem ekki færu í dóm, hlytu veglega kynningu, sem að samantölun yrði þó ekki mjög tímafrek - ef til vill tæki slík kynning aðeins svipaðan tíma og yfirlitsýningin, og þannig sparaðist allur sá tími sem hinn eiginlegi kynbótadómur tæki.

Daginn eftir eða einhvern næstu daga kæmu svo öll hross fram í kynningaratriði, hver flokkur fyrir sig og væri skyldumæting. Hrossin yrðu kynnt í stafrófsröð þar til kæmi að þeim (tíu) hrossum sem efst stæðu í flokknum og ynnu til verðlauna.

Enginn vafi er í mínum huga að þetta fyrirkomulag gæti skapað heilnæmara andrúmsloft. Mun fleiri kynbótahross hlytu jákvæða athygli og með þessu móti yrði vel undirstrikað það sígilda viðhorf að kynbótasýning sé ekki fyrst og fremst keppni eða sætaslagur. Nú kannski spyr einhver : Hvað er jákvæð athygli? Og því er best að svara með því að benda á það sem alls ekki getur flokkast undir jákvæða athygli og verður hlutskipti allt of margra landsmótshrossa það hross sem kemur inn á landsmót með háan dóm úr vorsýningu, en á svo ekki góðan dag á landmótinu sjálfu, það fær ekki jákvæða athygli. Þau fjölmörgu hross sem standa sig að því er virðist svipað og á vorsýningu, en lækka samt sem áður á einum, tveimur eða þremur stöðum, kannski bara um hálfan, þau fá ekki heldur jákvæða athygli. Hversu hátt hlutfall sýningarhrossanna á Landsmótinu í Reykjavík í sumar skyldu annars hafa fengið jákvæða athygli og þátttaka þeirra skilið eftir jákvæða tilfinningu í brjósti eigenda sinna? Tilfinningu sem ætla má að allir þátttakendur á Landsmóti sæktust eftir, Landsmóti þar sem samankomið er landsúrval úr öllum aldursflokkum. Og hvað situr eftir í hugum áhorfenda um slík hross? Var til einhvers barist? Það er vitað að slíkra spurninga spyrja menn sig, kannski aldrei fremur en nú að loknu landsmótinu í Reykjavík.

Að sinni að minnsta kosti, meðan reynsla yrði fengin af þessu nýja fyrirkomulagi, yrði þó ekkert frá þeim tekið sem tilbúnir eru í hefðbundinn einkunnaslag - að minnsta kost þangað til okkur verður settur stóllinn fyrir dyrnar í tengslum við það sem fyrr var nefnt um almenna endurskoðun á sýningahaldi og kröfum til sýningar- og keppnishrossa.

Þarna gæfist hrossaræktarráðunauti upplagt tækifæri til að líta upp frá dómstörfunum og ræða við brekkuna um það sem fyrir augu ber - og það er ekki svo lítils virði að mínu mati. Í stuttu máli: Á þennan hátt gæti skipast - að minnsta kost meðfram - ennþá betri farvegur fyrir þau jákvæðu gildi sem löngum hafa falist í orðinu kynbótasýning.

Og það sem mest er um vert: Með þessu móti yrði augljóslega komið nokkuð til móts við þau tilmæli sem dýralæknir hrossasjúkdóma hefur beint til þeirra sem fyrir sýningum og keppni standa, og snýr að kynbótahrossum – sýningum og keppni þar sem nú er barist um kommur og sæti til síðasta dags á mótunum, með tilheyrandi þreytu- og álagsmeiðslum. Álagið á hrossunum sem færu þessa nýju leið, yrði að minnsta kosti stórum minna.

Mér er það ljóst að hægt er að finna veitur í þessu fyrirkomulagi, kannski fyrst og fremst vegna þess að það tekur ekki til þeirra hrossa sem látin væru fara hefðbundna leið. Ég vona þó að hér sé kominn

umræðugrunnur og að hvorki ráðunauturinn sjálfur né sérstakir (og kannski sjálfskipaðir) varðmenn kerfisins leggi kapp á að skjóta niður það sem hér er sagt, heldur taki það til vandlegrar íhugunar. Raunar tel ég einsýnt að þetta verði skoðað með jákvæðu hugarfari, í ljósi yfirlýsingar Fagráðs frá því í vetur leið, þar sem segir m.a.:

„Vonast fagráð eftir málefnalegri umræðu þar sem fram komi frekari hugmyndir að úfærslum á kynbótahluta landsmótsins með það að markmiði að sýningin rúmist innan tímaramma og verði glæsilegri og áhorfendavænni en nokkru sinni fyrr.“

Ég hef skynjað það að menn hafa áhyggjur af þessari áverkaumræðu, telja að hún skaði hreyfinguna. Umræðuna verðum við þó að taka, þótt sár sé. Ég tel að vísu að það sé ábyrgðarlaust og hafi of lengi viðgengist að menn hafi hátt og séu fullir vandlætningar þegar áverka keppnishrossa ber á góma – án þess að líta í eigin barm og gera tillögur til úrbóta. Um leið og ég fylgi þessari tillögu minni úr hlaði, má ég til að minna á aðrar breytingatillögur sem ég hef lagt fram á undanförunum árum um fyrirkomulag kynbótasýninga, tillögur sem lúta m.a. að því að draga úr álagi og keppnishörku, en hafa litlar undirtektir fengið. Má þar nefna tillögu um sérstakan Landsmótsdóm, þar sem dómurinn og yfirlitssýningin yrðu sameinuð í eina sýningu, með heimild til hækkunar og lækkunar einstakra einkunna. Aðra hugmynd hef ég viðrað, sem lýtur að því að leggja alfarið niður yfirlitssýningar – ekki bara á Landsmótum - og yrði þá lagt kapp á að hrossin fengju strax sanngjarna einkunn fyrir hvern dómbátt, þótt þaulsýningar legðust af. Og fleiri tillögur má með góðum vilja lesa út úr því sem hér verður enn sagt.

Annars er það svo að hér duga engin vinsamleg tilmæli eða bónarvegur um að bætt verði úr því ástandi sem lýst er í skýrslu Sigríðar, heldur verðum við hestamenn að gera undanbragðalaus kröfu - til okkar sjálfra fyrst og fremst. Fróðlegt væri að heyra sem fyrst sambærilegar uppástungur um það hvernig mætti draga úr hinni óvægnu keppnishörku, sem á sér stað í íþrótt- og gæðingakeppni, þar sem ekki síður er barist til hinna stundar. Það er svo sem ekki eftir neinu að bíða að ríða á vaðið og leggja til að strax verði létt af þungu fargi og strikað yfir töltkeppnina - og svo verði farið að upphuga nýjar leiðir fyrir fallegar töltsýningar, t.d. í anda Reynis heitins Aðalsteinssonar eins og boðað hefur verið undir heitinu töltfimi.

Það er eiginlega með ólíkindum að sjá hvað eftir stendur þegar maður reynir að koma orðum að og lýsa töltkeppni eins og hún fer fram nú um stundir í þremur liðum: Fyrst er riðið lúshægt á einhvers konar þvinguðu fet-tölti, síðan er ýmist keyrður upp hraðinn eða snarhægt niður (oft með taumaskaki), og að lokum er svo beðið um kappreiðar á tölti. Aldrei er beðið um eða gert ráð fyrir eðlilegu milliferðar- eða fegurðartölti. Upp á slíkt er ekki boðið í töltkeppni á Íslandi í dag. Geta menn sætt sig við það, líka í ljósi þess sem nú blasir við svart á hvítu að munnáverkar í töltkeppni eru verri en í nokkurri grein annarri?

Ég hef stundum sagt frá því hversu mjög ég harmaði það að veðreiðar og tilheyrandi sjónvarpsútsendingar lögðust af á Íslandi, a.m.k. í bili. Það var ótrúlega klaufalegt og byggðist á kolröngu stöðumati og undirgefni við bólusjónarmið. Innihaldslaus gylliboð voru tekin fram yfir áhuga, reyntu og mannauð sem til var hjá Ríkissjónvarpinu, sem staðið hafði fyrir afar vel heppnuðu sjónvarpi, útsendingum sem sáust um land allt og héldu áhorfendum föngrum, fjölda manns úr öllum aldursþópum. Glæsilegu upphafi nýrra tíma var stefnt í voða. Þótt ég óttist að hér verði ekkert aftur tekið, vona ég sannarlega að hægt verði að reisa veðreiðarnar úr rústum. En því er ég að segja þetta hér? Gáum betur að því.

Í ljósi niðurstaðna Sigríðar, þar sem fram kemur – með eðlilegum fyrirvara - að kappreiðahross séu síst af öllum keppnishrossum meidd eða mædd af áverkum, þá er kannski ástæða til þess fyrir okkur hestamenn að íhuga hvort skaðinn af því að hætta þegjandi og hljóðalaust að bjóða uppá kappreiðar í stökki og brokki, sé margþættari en margan gat grunað: Þar er þó altént hraði og spennan, hraði og spennan sem heimtar útrás og hefur verið yfirfærð á aðrar keppnisgreinar, hraði og spennan sem eiga sannarlega heima á kappreiðavellinum – en ekki á hringvelli sem ætlaður eru til að sýna fima og flinka íslenskra gæðinga – af sannri reiðlist.

Ég var í gærkvöldi að fletta prófkjörsbæklingi frá ónefndum flokki. Þar voru rifjaðar upp hendingar úr kvæði eftir Tómas Guðmundsson, sem mér finnst eiga erindi við okkur öll, sem stöndum nú frammi fyrir þeim napra veruleika sem lýst er í skýrslu Sigríðar Björnsdóttur:

*„Á meðan til er böll er bætt þú gast,
og barist var á meðan hjá þú sast,
er ólán heimsins einnig þér að kenna“.*

Kristinn Hugason spyr Sigríði hvort áhrif tvíbrotinna hringaméla hafi verið skoðuð?

Sigríður segir að svo sé ekki, það sé hennar skoðun að tunguboginn hafi mest áhrif.

Kristinn Hugason: Við erum á réttri leið í hrossaræktinni og gengur vel að nálgast markmiðið, lýsti yfir ánægju með störf núverandi hrossaræktarráðunauts. Leggur til að farið verði hóflega í málið og ekki væri farsælt að fara í boð og bönn, sérstalega ekki þegar ekki liggur fyrir samanburður við erlend kyn hvað áverka í munni varðar, s.s. dressur keppnishesta. Okkar markmið á að vera líka að auka hlutdeild okkar hests í heiminum enda er ekki bara samkeppni við íslensk hross á erlendri grundu heldur einnig samkeppni við önnur hestakyn í heiminum. Sannfærður um að notkun skáreimar með stöngum sé ekki áverkavaldandi heldur þvert á móti valdi bann skáreimarinnar auknum áverkum. Vill aflétta banni við skáreim. Töltkkeppninni má breyta og þróa hana á hestvænni hátt. Töltkkeppni og gæðingakeppni á heima á ólympíuleikunum.

Haraldur Þórarinnsson: Verðum að einbeita okkur að áverkamálunum og t.d. varðandi skáreim þá er of mikið um að hún sé notuð til að reyra saman kjaft hrossa til að leyna vandræðum.

Sigríður biður fundarmenn að skoða gögnin vel og án upphrópana.

Nefndir tóku því næst til starfa: Ræktunarnefnd, fjárhags og uppstillinganefnd, alsherjar- og markaðsnefnd.

Tillögur lagðar fram:

Frá stjórn : Umræðu punktar en ekki beinar tillögur: Markaðsverkefni í heild (Hestatorg, sýningar, auglýsingar o.fl.), kaup á Hrossaræktarritinu. Hvert stefnum við í ræktuninni, ræktunartakmarkið – erum að vinna að ræktun alhliða gæðingsins, er það á kostnað klárhestsins? Hvernig eigum við að „flokka“ hross inn á landsmót, t.d. með tilliti til klárhestana? Nýtt fyrirkomulag kynbótahrossasýninga á Landsmóti. Sumarexemið, þurfum að halda rannsóknum áfram og þurfum að kanna hvort áhugi sé fyrir því að Fhb hlaupi undir bagga með verkefninu í ca. ár en aðeins með þeim fyrirvara að framhald verði tryggt á fjárlögum.

Sveinn: Ábending, vill fá slíka umræðu punkta fyrr þannig að aðalfundir aðildarfélaganna geti rætt þá fyrri aðalfund Fhb.

Sveinn kynnti tillögur frá Hrossaræktarsamtökum Suðurlands og var þeim vísað til viðeigandi nefnda.

Guðlaugur Antonsson bað um orðið og fór yfir það sem fjallað hefur verið um á fagráðsfundum á árinu og hjá FEIF. Landsmótið; átta ferðir riðnar í stað 10 áður. Yfirlitið hefðbundið m. sex ferðum. Kynning var á kynbótahrossunum utan dóma. Of miklir árekstrar voru á milli kynbótasýninga og gæðingakeppni. Áverkaskoðun var líka framkvæmd á kynbótahrossum og þar var ástandið ekki betra en í gæðinga- og töltkeppni. FEIF vill að haldin verði námskeið fyrir erlenda sýningastjóra sem íslenskir sýningastjórar væru leiðbeinendur á. Afkvæmaverðlaun, ekki hefur verið hróflað við einkunna lágmarkunum en spurning hvort það sé orðið tímabært. Vinnureglur FEIF; ef búið er að ríða sex ferðir eða fleiri þá gildir dómur, ef knapi mætir ekki í áverkaskráningu eftir sýningu þá fær hann áminningu líka – nú verður tekið á því þannig að dómur verður tekinn út. Nefndarfundir FEIF voru í lok október 2012: Vinna er í gangi við lýsingu á gangtegundum, varðandi beislabúnað er beðið niðurstöðu frá Íslandi hvað næstu skref varðar. Dreifing á dómurum erlendis rædd og ákveðið að ekki séu allir fra sama landi, a.m.k. einn reyndur í dómnefnd og ekki alltaf sömu dómamarar á sömu sýningum. Vilji er fyri því að lesa upp breytingar dóma á yfirlitssýningu. Hugmyndir um að A- og B-flokkur gæðinga verði á Heimsmeistarmóti. Bann við járnungu fyrir yfirlitssýningu. Ræktunarbú á heimsmeistaramóti til umræðu. Fósturvísaflutningar. Samræmd áverkaskráning. Kynbótasýningar á HM í Berlín.

Fundi framhaldið eftir nefndarstörf kl. 18:25.

Tillögur frá allsherjar- og markaðsnefnd:

Þátttaka í Hestatorgi og kynna möguleika á þáttöku fyrir félagsmönnum – samþykkt samhljóða.
Sýningarhald erlendis, koma að fleiri sýningum erlendis - samþykkt samhljóða .

Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn 16.nóvember 2012 á Hótel Sögu beinir því til stjórnar að skoðaður verði vinnutími kynbótadómara við dómstörf á landsmótum og öðrum kynbótasýningum og leitast verið við að minnka vinnuálag ef reynist óhóflegt.

Greinargerð: Erfitt hlýtur að vera fyrir dómara að halda skarpri athygli dag eftir dag þegar vinnutími er óhóflega langur. Sjálfsgöð krafa frá knöpum og eigendum hrossa að dómamarar séu ekki dauðþreyttir við vinnu sína. Á landsmótum ættu skilyrðislaust að vera a.m.k. tvær dómnefndir að störfum. Fráleitt er að aðeins fjórir dómamarar dæmi heilt landsmót. – *Samþykkt samhljóða.*

Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn 16.nóvember 2012 á Hótel Sögu beinir því til stjórnar að kannaður verði sá möguleiki að haldið verði sérstaklega utanum um þær tölur í Worldfeng sem breytast á yfirlitssýningum kynbótasýninga. Þ.e. að það komi sérstaklega fram á dómblaði hvaða tölur breytast og hvernig. Þetta hefur augljóst upplýsingagildi fyrir ræktendur og geti t.a.m. unnið nokkuð á móti svo nefndri einkunnasöfnun. - *Samþykkt samhljóða.*

Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn 16.nóvember 2012 á Hótel Sögu beinir því til fagráðs að það beiti sér fyrir liprari framkvæmd á því sem þegar hefur verið samþykkt í Fagráði um að upplýsingar megi nálgast um byggingardóma, um leið og þeim er lokið og áður en lengra er haldið með dómminn - *Samþykkt samhljóða.*

Hrossaræktin árbók; tillaga borin fram um að félagsmönnum verði gert kleift að kaupa bókina á hálfvirði – *Sveinn* tók til máls varðandi þessa tillögu og mælti með því að forsvarsmenn Hrossaræktar.is væru bara með félagatalið og félagar hefðu samband beint við þá.

Indriði Karlsson benti á að þá sé dæmið e.t.v. ekki eins freistandi fyrir hrossarækt.is .

Jónas Hallgrímsson sagði að stefnan ætti að vera að fá bókina á sem bestum kjörum fyrir þá sem vilja. *Sveinn* kom með breytinga tillögu um þetta mál:

Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn 16.nóvember 2012 samþykkir að stjórn beiti sér fyrir því að félagsmenn eigi kost á að kaupa „Hrossaræktina“ á góðum kjörum og leiti samninga við útgefanda .

-Breytingatillagan borin upp, *Indriði* tók til máls um þetta, taldi besta kostinn vera fyrirkomulagið sem var í fyrra, þ.e. að félagsmenn fái bókina og deildirnar sjái um dreifingu.

Sveinn sagði þeirra reynslu ekki góða frá fyrra ári þar sem þeir ættu enn 100 eintök ósótt .

Breytingartillagan borin upp og samþykkt með 14 atkvæðum gegn 4.

Munnleg tillaga frá nefndinni um að veita umboð til stjórnar vegna fjárframlags til sumarexems rannsókna.

Tillögur frá fjárhagsnefnd:

Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn 16.nóvember 2012 leggur til óbreytt félagsgjald (4.000) – Samþykkt samhljóða .

Fjárhagsáætlun - *Samþykkt samhljóða.*

Tillögur frá ræktunarnefnd:

Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn 16. nóvember 2012 á Hótel sögu beinir þeirri tillögu til stjórnar Félags hrossabænda að: Hæfileikadómar á landsmótum skuli ætíð framkvæmdir með sama hætti og formi og á vorsýningu /héraðssýningu.

Greinargerð:

Sömu vinnubrögð skyldu viðhöfð á LM og forsýningum til að tryggja samanburðarhæfni og stöðlun þeirra gagna sem svo eru nýtt til útreiknings á kynbótamati. - *Samþykkt samhljóða.*

Að gefnu tilefni beinir Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn 16. nóvember 2012 á Hótel Sögu, þeirri tillögu til stjórnar Félags hrossabænda að skoðuð verði framkvæmd kynbótasýninga og túlkun dómsskalans með það fyrir augum að lágmarka slysa- og áverkahættu hvetur fundurinn stjórn Fhb til að skipa starfsnefnd sem tekur á þessum alvarlega vanda.

Greinargerð:

Er of miklu skellt á knapana? Er ekki fleira sem hefur áhrif ? Þarf að skilgreina alvarleika áverkana betur ?

Hér er vakin athygli á og hvatt til þess að búgreinin sjálf bregðist strax við skýrslu dýralæknis hrossasjúkdóma, þar sem segir „að endurskoða þurfi umgjörð keppni og sýninga og þær hugmyndir sem við höfum mótað okkur um getu og form íslenska hestsins“. – *Samþykkt samhljóða*

Kristinn Guðnason tók til máls, spyr hvort þetta sé gert til að bregðast við upplýsingum um áverka og sagði *Sveinn* svo vera. *Kristinn* benti á að gæðingakeppni fer fram á hringvelli og aðeins eitt ágrip var skráð í þeirri keppni í fyrra á móti rúmlega 30 ágripum í kynbótadómum á beinni braut. Líst vel á að

framkvæmdin verði endurskoðuð. Sveinn sagði þetta viðfemt mál og yrði að ná yfir bæði keppnishrossin og kynbótahrossin.

Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn 16. nóvember 2012 á Hótel Sögu beinir þeirri tillögu til stjórnar Félags hrossabænda að samtökin beiti sér fyrir því við Fagráð að þær breytingar sem verða á einkunnum á yfirlitssýningum kynbótasýninga verði kynntar jafnóðum. Af því hlytist augljóst hagræði fyrir knapann og gæti óneitanlega komið sér vel fyrir hestinn líka. Yfirlitssýningar yrðu einnig áhorfendavænni, ef þessu yrði komið á. - Samþykkt samhljóða.

Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn 16. nóvember 2012 á Hótel Sögu, beinir þeirri tillögu til stjórnar Félags hrossabænda að samtökin beiti sér fyrir því að Fagráð standi vörð um að framkvæmd kynbótasýninga og stöðlun sýningaraðstæðna sé hin sama héraðs og erlendis.

Greinargerð:

Það hefur talsvert borið á því að hross sem hlotið hafa þokkalegan kynbótadóm héraðs hafi snarhækkað á sýningum erlendis innan sama árs. Þetta vekur upp þá kröfu að allir sýningarhaldarar sitji við sama borð og hlíti ákvörðun hrossaræktarráðunautar um skipan dómnefnda. Gera á kröfu um að minnsta kosti einn íslenskur dómari dæmi á öllum sýningum erlendis. Verði misbrestur á þessu, fari dómarnir ekki inn í World-Feng. - Samþykkt samhljóða.

Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn 16. nóvember 2012 á Hótel Sögu, beinir þeirri tillögu til stjórnar Félags hrossabænda að samtökin beiti sér fyrir því að kynbótahross 6 vetra og eldri haldi sínum byggingardómi úr fullnaðardómi til æviloka ef eigandi óskar þess, þannig að þau þurfi ekki að mæta í byggingardómi þó þau mæti á hverju ári í hæfileikadóm.

Geinargerð:

Hér er lagður til sparnaður á tíma, fé og fyrirhöfn. Hugmyndin er byggð á trausti á þegar gerðum dómum, rétt eins og þegar opnað var á að byggingardómar úr fullnaðardómi stæðu sumarlengt. - Samþykkt samhljóða.

Aðalfundur Félags hrossabænda haldinn 16. nóvember 2012 á Hótel Sögu, beinir eftirfarandi tillögu til fagráðs: Þegar gangteygindir kynbótahrossa eru dæmdar séu gæði gangteygundarinnar metin umfram hraða og smávægilega hnökra kynbótasýningarinnar.

Greinargerð:

Það er útbreidd skoðun að of fast sé tekið á smávægilegum hnökrum í útfærslu sýninga, eða öðrum atriðum sem ekki snerta endilega eðlisgetu gripsins. Með öðrum orðum að kynbótadómurinn dragi stundum of mikinn dóm af harðri keppni. Í kynbótadómi er oft verið að meta ung og óhörðnuð hross og því ósanngjarnt að bera þau saman við fullharðnaða keppnishesta. Aftur er hér vísað til þess sem dýralæknir hrossasjúkdóma segir í áverkaskýrslu sinni: „.....að endurskoða þurfi umgjörð keppni og sýninga og þær hugmyndir sem við höfum mótað okkur um getu og form íslenska hestsins“. - Samþykkt samhljóða.

Kosningar:

Kosið um tvo menn í stjórn til þriggja ára, þrjá í varastjórn til eins árs og búnaðarþingsfulltrúa til þriggja ára:

Vignir Sigurðsson frá uppstillinganefnd tók til máls: Stjórnarmennirnir Ólafur Einarsson og Magnús Jósefsson gefa kost á sér áfram.

Jónas Hallgrímsson tók til máls og benti á að enginn í stjórn kæmi austar en úr Eyjafirði og Rangárvallasýslum, ennfremur eru engar konur í stjórninni. Biður um að þetta verði haft í huga fyrir næstu kosningar. – Ólafur og Magnús endurkjörnir með lófaklappi.

Varamenn: tillögur um Magnús Braga Magnússon, Eysteinn Leifsson og Ragnar Magnússon – kosnir með lófaklappi.

Búnaðarþingsfulltrúi til þriggja ára; Sigbjörn Björnsson hefur verið aðalmaður og gefur kost á sér áfram og Jósef Valgarð Þorvaldsson hefur verið varamaður og gefur kost á sér áfram – kosnir með lófaklappi.

Önnur mál: Engin önnur mál komu fram.

Kristinn Guðnason – þakkaði fundarmönnum og nefndi að fundurinn væri orðinn langur og etv. ætti að huga að því að hafa þetta 2ja daga fund . Sleit fundi.

HF/hf/hgg